



Vatnsveita Flúða þjónar byggðinni í þéttbýlinu á Flúðum, nær fjörtíu bæjum í Hrunamannahrepp ásamt bæjunum í Skarði og Reykjatorfunni í Skeiða og Gnúpverjahrepp, einnig um tvö hundruð og þrjátíu sumarbústöðum sem eru vítt og breytt um hreppinn. Vatnsveitan hefur stækkað mikið á undanförunum árum bæði leitt vatn til lögbýla og í sumarhúsahverfi. Byggðin á Flúðum þróaðist í kringum gróðurhúsaræktun og síðan hafa iðnfyrirtæki verið reist og ýmis þjónusta við nágrennið og ferðamenn.



Verið að endurvirkja lindir í Básam

Hrunamannahreppur rak sennilega sína fyrstu vatnsveitu upp úr árinu 1949 sem lögð var í gamla skólann og sundlaugina. Vatnsból vatnsveitunnar er talið hafa verið í mýrinni rétt við Vinaminni. Á árunum 1958 til 1960 var síðan lögð ný vatnsveita frá vatnsbóli í Galtafelli að Hellisholtum og að skóla, sundlaug og félagsheimilinu á Flúðum.



Gamli vatnstankurinn fjarlægður

Árið 1978 var stofnað Vatnsveitufélagið Básar af átta aðilum norðan Litlu-Laxár á bæjunum Sunnuhlíð, Gröf, Laxárhlið, Högnastöðum I og II, Jörfa og Flúðasel. Virkjaðar voru tvær lindir í Básam í landi Hruna og lögð 110 mm lög um þrjá km leið að Sunnuhlíð þar sem dælustöð var staðsett. Lindirnar gáfu um 7-10 l/sek. Árið 1980 yfirtók hreppurinn veituna og byggði miðlunartank úr stáli á Högnastaðaás. Tankurinn reyndist ekki vel vegna ryðs sem fór í drykkjarvatnið. Hann var síðar kústaður að innan með sementsblöndu. Árið 1993 var ráðist í að virkja fleiri lindir í Básam og náðist við það



Og nýi byggður

um 15 l/sek í viðbót og í framhaldi af því var lögð ný lög 140 mm að Flúðum. Í byrjun árs 1996 var ákveðið var að fjarlægja stáltankinn á Högnastaðaás enda hinn mesti gallagripur og illa nýtanlegur sem neysluvatnsgeymir. Um vorið það ár var hafist handa að steypa upp nýjan tank á Högnastaðaás sem tekur um 450 m<sup>3</sup> af vatni. Í janúar 2003 var byrjað á því að byggja nýjan steyptan tank með tveimur hölfum á



Borun á Hrunavelli



Langholtsfjalli, og tekur hann um 250 m<sup>3</sup>. Heildarmiðlunarrými er því nú 700 m<sup>3</sup>. Á árunum 2004 til 2005 voru gerðar tilraunir að bora fyrir köldu vatni í Högnastaðaásnum og einnig upp á Hrunavelli. Alls voru boraðar sjö holur með slælegum árangri. Þess má geta að í einni holunni sem þótti efnilegust vatnafræðilega séð var hitastigulinn um 170°C.

Síðsumars árið 2005 var ákveðið að virkja Blálæki í landi Berghyls og Jötu í mynni Fagradals. Þar náðist að virkja um 25 l/sek og var lögð lögn niður að miðlunartanki á Högnastaðaás, alls um 11,2 km. Lögnin er 225 mm með einum þrýstimminkara á leiðinni en fallið er um 166 m. Þrýstimminkarinn er á lögninni innst í Djúpadal og er þrýstingurinn minnkaður úr 7 börum niður í 1,5 til 2 bör, en þrýstingurinn í tank á Högnastaðaás er um 9 bör. Þar sem lögnin er lægst það er þegar hún fer undir Litlu-Laxá fyrir neðan réttirnar er þrýstingurinn um 13 bör. Að kvöldi þann 16 desember 2005 var vatnið frá Blálækjum farið að renna að Flúðum.

Árið 2008 var farið í að leggja stofnlögn framhjá miðlunartankinum á Högnastaðaás og fram í miðlunartankinn á Langholtsfjalli, um sjö kílómetra leið til að ná sjálfrennsli upp í tankinn og spara þannig dæluþá kostnað nema á mestu álagstímum.

Árið 2011 var síðan bætt við einni lind til viðbótar í Berghylsfjalli sem er að gefa okkur um 6 l/sek.

HK.



Lögn frá nýju lindinni 2011



Blálækir komnir í rör



Lagning á stofnlögninni yfir Litlu-Laxá við Berghyl



Suðumaður Einar Harðarson í hótelinu